

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1916****2021/EES/22/105****frá 15. nóvember 2019****um ítarleg ákvæði varðandi búnað á afturhluta ökutækja sem dregur úr loftnúningsviðnámi samkvæmt
tilskipun ráðsins 96/53/EB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarks mál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu ⁽¹⁾ og einkum 4. mgr. 8. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með því að draga úr loftnúningsviðnámi ökutækja mætti draga umtalsvert úr eldsneytisnotkun og þar af leiðandi úr losun koltvísýrings. Hins vegar er ekki hægt að draga umtalsvert úr loftnúningsviðnámi ökutækja nema leyfileg mál ökutækja, þ.m.t. búnaður sem dregur úr loftviðnámi, geri slíkt kleift. Tilskipun 96/53/EB var því breytt til að kveða á um undanþágur frá leyfilegri hámarkslengd ökutækja, að framan og að aftan, sbr. þó tiltekin skilyrði.
- 2) Til að tryggja að inndraganlegur eða samfellanlegur búnaður á afturhluta ökutækja, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sé öruggur ætti að tilgreina við hvaða aðstæður sé heimilt að nota slíkan búnað og hvenær hann skuli vera í lokaðri stöðu, einkum með tilliti til nálægðar við aðra vegfarendur, sérstakra einkenna svæðisins og hraðatakmarkana. Einnig ætti að tryggja að inndraganlegur eða samfellanlegur búnaður á afturhluta ökutækja, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sé samrýmanlegur samþættum flutningsaðgerðum, einkum í tengslum við fermyngu og affermyngu samþættu flutningaeininganna, og standist tiltekinn vindstyrk við flutning á slíkum einingum.
- 3) Einnig ætti að veita því athygli að ökutæki eða samtengd ökutæki, með búnað festan á afturhluta ökutækisins sem dregur úr loftnúningsviðnámi, skulu uppfylla kröfur tilskipunar 96/53/EB, einkum þær sem varða beygju innan beygjuhrings í lið 1.5 í I. viðauka hennar.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 2. mgr. 10. gr. i tilskipunar 96/53/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarleg ákvæði varðandi notkun búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi og er festur aftan á ökutæki og samtengd ökutæki, í samræmi við tilskipun 96/53/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 297, 18.11.2019, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „búnaður“: búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi og er festur aftan á ökutæki eða samtengd ökutæki,
- b) „í notkunarstöðu“: sú staða sem búnaður er í þegar hann er notaður til að draga úr loftnúningsviðnámi,
- c) „í lokaðri stöðu“: sú staða sem búnaður er í þegar hann er dreginn inn eða felldur saman með öruggum hætti.

3. gr.

Notkunarskilyrði

1. Aðildarríkjum er heimilt að banna notkun ökutækja eða samtengdra ökutækja, sem eru með búnað í notkunarstöðu, í borgum eða milli borga, ef lögbær yfirvöld krefjast þess, að teknu tilliti til sérstakra einkenna slíkra svæða, einkum þar sem hámarkshraðinn er 50 km/klst. eða minni og þar sem óvarðir vegfarendur gætu verið.
2. Við aðstæður eða á svæðum þar sem þörf er á að viðhafa sérstaka eftirtekt eða tillitssemi skal búnaðurinn vera í lokaðri stöðu. Þetta á við um eftirfarandi aðstæður:
 - a) þegar verið er að stýra, bakka eða leggja ökutækinu,
 - b) þegar ökutæki hefur verið lagt í stæði,
 - c) þegar verið er að ferma eða afferma vörur.
3. Eftirfarandi kröfur gilda um notkun búnaðar í samþættum flutningsaðgerðum:
 - a) við undirbúning á samþættum flutningum og meðan á honum stendur skal búnaðurinn vera í lokaðri stöðu,
 - b) búnaðurinn skal ekki skaga lengra út en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og heildarbreidd ökutækisins, að búnaðinum meðtöldum, skal vera að hámarki 2600 mm.
4. Búnaður, sem er gallaður, óöruggur eða bilaður, skal vera í lokaðri stöðu eða, ef hægt er, tafarlaust fjarlægður.
5. Þrátt fyrir 2. mgr. og 3. mgr. a þarf búnaður ekki að vera í lokaðri stöðu ef þess er ekki krafist, samkvæmt lið 1.3.1.1.3 í B-hluta, lið 1.3.1.1.3 í C-hluta og lið 1.4.1.1.3 í D-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1230/2012, að búnaðurinn sé inndraganlegur eða samfellanlegur, ef kröfur um hámarksmál eru uppfylltar við öll skilyrði.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.